# Matvæli, fóður og efni í snertingu við matvæli, sem ekki eiga uppruna í dýraríkinu og lúta sérstöku eftirliti vegna innflutnings frá 3. ríkjum

| Gildandi reglugerð / vörutegundir | Tilkynning um innflutning | Landamærastöð (BCP) | Nauðsynleg fylgiskjöl / Sýnataka |
|---|---|---|---|
| **MATVÆLI OG FÓÐUR SEM LÚTA AUKNU EFTIRLITI TÍMABUNDIÐ**<br><br>Grunnreglugerð nr. 507/2020 um innflutningseftirlit með vörum sem ekki eru dýraafurðir. (EB/2019/1793 –ENDURSKOÐAÐ 2SVAR Á ÁRI<br><br>Viðauki I– yfirlit yfir tollskrárnúmer/matvæli sem um ræðir | Tilkynna skal um innflutning í Traces NT með CHED<br><br>Tilkynning skal hafa borist MAST áður en sending berst á landamærastöð, með a.m.k. sólarhrings fyrirvara. | Reykjavík Eimskip<br>IS REY 1a<br><br>Reykjavík Samskip<br>IS REY 1b<br><br>Keflavík airport<br>IS KEF 4 | Ekki er krafa um önnur fylgiskjöl en CHED (í Traces NT) en meðfylgjandi gögn (t.d. reikningur) eru skoðuð til þess að staðfesta upplýsingar sem koma fram í CHED<br><br>Sýnataka fer fram skv. tíðni sem kveðið er á um í viðauka I. |
| ***Dæmi um vörur í viðauka I (ekki tæmandi yfirlit)***<br>*Ýmsar **hnetur**, **hnetusmjör** oþh frá Argentínu, Azerbajan, Bandaríkjunum, Brasilíu, Bólivíu, Kína, Madagaskar, Senegal (aflatoxín), **te** frá Kína (varnarefnaleifar), Paprika frá Egyptalandi, Kína, Tælandi, Uganda (varnarefnaleifar, salmonella), **pálmaolía** frá Ghana (litarefni (sudan)), **melónur** frá Hondúras (Salmonella), **karrílauf** frá Indlandi (varnarefnaleifar), **okra** frá Indlandi, Víetnam (varnarefnaleifar), **hrísgrjón** frá Indlandi, Pakistan (Aflatoxín, Ochratoxín), **baunir** frá Kenía (varnarefnaleifar), **sellerí** frá Kambódíu (varnarefnaleifar), **næpur** frá Líbanon, Sýrlandi (litarefni (rhodamine b)), **tómatsósa** frá Mexíkó(varnarefnaleifar) Sesamfræ frá Nígeríu (salmonella), **sítrónur** frá Tyrklandi (varnarefnaleifar), **greipaldin** frá Tyrklandi (varnarefnaleifar), **oregano** frá Tyrklandi (Pyrrolizidine alkaloids), **kóríander** frá Víetnam (varnarefnaleifar)* | | | |
| **MATVÆLI OG FÓÐUR SEM FYLGIR AUKIN HÆTTA Á MENGUN AF VÖLDUM SVEPPAEITUREFNA, VARNAREFNALEIFA, PENTAKLÓRFENÓL, DÍOXÍN OG ÖRVERA**<br><br>Grunnreglugerð nr. 507/2020 um innflutningseftirlit með vörum sem ekki eru dýraafurðir (EB/2019/1793)<br>ENDURSKOÐAÐ 2SVAR Á ÁRI<br><br>**Viðauki II-** yfirlit yfir tollskrárnúmer/matvæli sem um ræðir | Tilkynna skal um innflutning í Traces NT með CHED<br><br>Tilkynning skal hafa borist MAST áður en sending berst á landamærastöð, með a.m.k. sólarhrings fyrirvara. | Reykjavík Eimskip<br>IS REY 1a<br><br>Reykjavík Samskip<br>IS REY 1b<br><br>Keflavik airport<br>IS KEF 4 | Krafa um **opinbert heilbrigðisvottorð** eins og kveðið er á um í reglugerð og **rannsóknarniðurstöður**.<br><br>Sýnataka fer fram skv tíðni sem kveðið er á um í viðauka II. |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lestu meira um sveppaeitur - Lestu meira um varnarefnaleifar - Lestu meira um aðskotaefni úr umhverfi - Lestu meira um örverur í matvælum og drykkjum. | | | |
| ***Dæmi um vörur í viðauka II (ekki tæmandi yfirlit)***<br>*Ýmsar **hnetur** (**jarðhnetur**, **heslihnetur**), **hnetusmjör** oþh frá Argentínu, Azerbajan, Brasilíu, Kína, Egyptalandi, Ghana, Gambíu, Indlandi, Súdan, Tyrklandi (aflatoxín), **paprika** frá Indlandi (aflatoxín), **múskat** frá Indlandi (aflatoxín), **sesamfræ** frá Indlandi (Salmonella), **pistasíur** frá Íran, Tyrklandi, **vatnsmelóna** frá Nígeríu (aflatoxín), **þurrkaðar fíkjur** frá Tyrklandi* | | | |
| **SÉRSTAKAR REGLUR UM UM INNFLUTNING Á SPÍRUM OG FRÆJUM TIL SPÍRUNAR TIL MANNELDIS**<br><br>Reglugerð nr. 372/2020 (EB/2019/628) um fyrirmyndir að opinberum vottorðum fyrir tiltekin dýr og vörur.<br>Reglugerð nr. 371/2020 (EB/2019/625)<br>Reglugerð nr. 233/2014 (EB/208/2013) um kröfur um rekjanleika á spírum og fræjum sem eru ætluð til framleiðslu á spírum. | Tilkynna skal um innflutning í Traces NT með CHED<br>Tilkynning skal hafa borist MAST áður en sending berst á landamærastöð, með a.m.k. sólarhrings fyrirvara. | Reykjavík Eimskip<br>IS REY 1a<br><br>Reykjavík Samskip<br>IS REY 1b | Krafa um **rannsóknarniðurstöður** m.t.t örverumengunar (STEC og Salmonella). |
| **INNFLUTNINGSBANN - MATVÆLI OG FÓÐUR FRÁ TILTEKNUM 3JU RÍKJUM**<br><br>Reglugerð (ESB) 2019/1793 -viðauki IIa *(grunnreglugerð)*<br><br>**Betel lauf / paan lauf frá Bangladesh (Salmonella)**<br>Innflutningsbann hefur verið sett á fyrir betellauf / paanlauf frá Bangladesh vegna viðverandi salmonellu mengunar<br><br>**Þurrkaðar baunir frá Nígeríu (leifar af skordýraeitri /varnarefnum)**<br>Innflutningsbann hefur verið sett á þurrkaðar baunir frá Nígeríu vegna viðvarandi varnarefnaleifa yfir leyfilegum viðmiðunarmörkum. | Á ekki við (innflutningsbann) | Á ekki við (innflutningsbann) | Á ekki við (innflutningsbann) |
| **MATVÆLI OG FÓÐUR FRÁ JAPAN (GEISLAVIRKNI)**<br><br>Eftir slysið í kjarnorkuverinu í Fukushima árið 2011 hafa sérstök skilyrði verið sett um innflutning matvæla og fóðurs frá vissum héruðum í Japan | Tilkynna skal um innflutning þeirra vara sem kveðið er á um í Traces NT með CHED | Reykjavík Eimskip<br>IS REY 1a<br><br>Reykjavík Samskip<br>IS REY 1b | Krafa um **opinbert heilbrigðisvottorð** eins og kveðið er á um í reglugerð og **rannsóknarniðurstöður** m.t.t sesíum.<br>(Sjá nánar í viðauka I) |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Reglugerð nr. 1145/2021 um innflutning á vörum frá Japan (EB/2021/1533) | Tilkynning skal hafa borist MAST áður en sending berst á landamærastöð, með a.m.k. sólarhrings fyrirvara. | | Sýnataka af 20% sendinga. |
| **Matvæli og fóður vegna Tsjernóbyl (geislavirkni)**<br><br>Eftir slysið í kjarnorkuverinu í Tsjernóbyl árið 1986 hafa sérstök skilyrði verið sett um innflutning á matvælum og fóðri frá Albaníu, Hvíta-Rússlandi, Bosníu-Hersegóvíníu, Kósovó, Norður Makedóníu, Moldóvíu, Svartfjallalandi, Rússlandi, Serbíu, Sviss, Tyrklandi, Úkraínu og Bretlandi, að undaskildu Norður-Írlandi (eftir lok aðlögunartímabilsins)<br><br>Reglugerð nr. 840/2020 um innflutning á vörum í kjölfar slyssins í Tsjernóbýl kjarnorkuverinu.<br>(EB/2020/1158 – viðauki II) | Tilkynna skal um innflutning í Traces NT með CHED.<br><br>*Gildir fyrir þá tollflokka sem tilgreindir eru í reglugerðinni og eru frá vissum löndum.*<br><br>Tilkynning skal hafa borist MAST áður en sending berst á landamærastöð, með a.m.k. sólarhrings fyrirvara. | Reykjavík Eimskip<br>IS REY 1a<br><br>Reykjavík Samskip<br>IS REY 1b | Krafa um **opinbert heilbrigðisvottorð** eins og kveðið er á um í reglugerð og **rannsóknarniðurstöður** m.t.t sesíum. (Sjá nánar í viðauka I)<br><br>Sýnataka af 20% sendinga. |
| **Lífrænt ræktuð matvæli**<br><br>Reglugerð nr. 481/2017 - Ítarlegar reglur um fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá 3ju löndum (EB/1235/2008)<br><br>Hér má lesa um innflutning vottaðra lífrænna afurða frá 3ju ríkjum. | Tilkynna skal um innflutning í Traces NT með skoðunarvottorði COI.<br><br>Tilkynning skal hafa borist MAST, með a.m.k. sólarhrings fyrirvara. | *Ef um er að ræða dýraafurðir eða aðrar afurðir sem lúta sérstöku eftirliti skal sendingin berast á landamærastöð.* | Innflytjandi skal að hafa lífræna vottun.<br><br>Upplýsingar um lífræna vottun. |
| **Eldhúsáhöld úr plasti frá Kína og Hong Kong (formaldehýð og PAA)**<br><br>Sérstök innflutningsskilyrði hafa verið sett fyrir eldhúsáhöld úr plastefnum, þ.e. melamínplast (formaldehýð flæði yfir mörkum) og Pólýamíð (PAA yfir mörkum). Reglugerð nr. 167/2014 (EB/284/2011) | Tilkynna skal um innflutning í þjónustugátt MAST, eyðublað nr. 4.24<br><br>Tengill á þjónustu-gátt MAST<br>Tilkynning skal hafa borist MAST með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara. | Vörur skulu ekki berast á landamærastöð. | **Yfirlýsing** um gerð/tegund plastefnis (skv. viðauka reglugerðarinnar) og **rannsóknarvottorð** sem staðfestir að flæði formaldehýðs og PAA sé undir viðmiðunarmörkum<br><br>**Mynd** af vöru þarf einnig að fylgja. |